

71 sínar samkvæmt ákvæðum laga um notkun bifreiða. Nær tryggingarskyldan
15. maí einnig til bifreiða sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru til fólksflutninga endrum og sinnum, svo og til bifreiða, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en sex farþega.

16. Heimilt er pósthjórninni að nota eigin bifreiðar til áætlunarferða á þeim leiðum, er áður hefir verið veitt sérleyfi fyrir, ef henni þykir henta.

17. Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til pósthjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt sérleyfislögnum.

18. Sérleyfishafa er skylt að fylgja ákvæðum framangreindra laga og reglugerða og skilmála sem settir eru samkvæmt þeim, sem og að hlíta breytingum, sem gerðar kunna að verða á lögnum eða á ákvæðum, sem sett eru samkvæmt þeim, þar á meðal um sérleyfistímamann, og una við þær breytingar, sem ráðuneytið kann að vilja gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfishöfum, svo og annari tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu.

19. Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru eða settir verða samkvæmt gildandi lögum og skal hann þá tilkynna pósthjórninni með tveggja mánaða fyrirvara.

20. Viðurlög við brotum gegn skilmálum þessum eru hin sömu og greinir í 8. gr. laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Þetta birtist almenningi til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

72

27. maí

F Y R I R M Æ L I

um mat á þurrkuðum fiskúrgangi.

Samkvæmt lögum nr. 9 9. janúar 1935, um mat á fiskúrgangi, eru hérmeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Matsmenn á þurrkuðum fiskbeinum skulu leggja stund á að vera sem færastir í að geta dæmt um gæði beina og aðgreiningu í gæðaflokka.

2. gr.

Matið skal framkvæmt af einum eða fleiri matsmönnum um leið eða rétt áður en afhending til kaupanda fer fram.

Sá, sem metið er fyrir, skal hafa beinin í hrúgum eða hlöðum, svo matsmaður geti auðveldlega náð til sýnishorna þaðan og fengið glöggt yfirlit yfir gæði bein-

anna í hverri þeirra. Séu beinin í sama hlaða misjöfn að gæðum, getur hann kraf- **72**
izt þess, að þeim sé dreift í sundur og síðan flokkað úr hlaðanum. **27. maí**

3. gr.

Við matið ber matsmönnum að fara eftir lögum og fyrirmælum þeim, um mat á fiskúrgangi, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þeim ber og að leita áhlits yfirfiskimatsmanna eða fiskimatsstjóra um atriði, sem þeir eru í vafa um og hlíta úrskurði þeirra um slík atriði.

4. gr.

Beinin skal flokka eftir gæðum í þrjá flokka eins og hér segir:

Í fyrsta flokki séu hausar og hryggir, sem ekki hafa skemmt af rotnun eða orðið óeðlilega þungir af óhreinindum, svo sem sandi eða mold. Beinin verða að vera fullþur, þegar þau eru metin, en það er þau því aðeins, að kinnfiskur í hausum sé orðinn harður og hvítur. Er þá gert ráð fyrir að í beinunum sé um 15% af raka.

Í annan flokk fari þau bein, sem bera menjar þess, að þau hafi rotnað, ef það er ekki verulega mikið. Svo og þau bein, sem eru sand- eða moldborin, ef ekki kveður mjög mikið að því. Í annan flokk skal einnig láta þau bein, sem lykta af tjöru af því þau hafa verið dregin upp á tjargaða línu.

Í þriðja flokki séu bein, sem hafa rotnað eða maðkað svo mjög, að kinnfiskur eða auga eru horfin úr hausnum. Einnig bein, sem eru mjög sand- eða moldborin, einkum í tálknum.

5. gr.

Þóknun til matsmanns fyrir starf hans greiðir seljandi beinanna og skal hún vera hin sama og þóknun fyrir starf fiskimatsmanna er á hverjum tíma.

Matsmenn mega ekki taka við nokkurri annarri þóknun frá þeim, sem matið er fyrir, en þeirri, sem ákveðin er í fyrirmælum þessum.

Matsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, er matið er fyrir, eða kaupenda þurrbeina.

6. gr.

Matsmanni er skylt að gefa matsvottorð um gæði og vog þeirra beina, er hann metur, ef þess er óskað.

7. gr.

Um hegningu fyrir brot matsmanna gegn lögum nr. 9, og fyrirmælum þessum um mat á fiskúrgangi 9. janúar 1935, fer eftir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

Fyrirmæli þessi öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.